

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 9. desember 2009

Efni: Umsögn um Þskj. 292 — 256. mál á 138. löggjafarþingi 2009–2010

1. ALMENNT

Deloitte telur að megnið af þeim breytingum sem lagðar eru til leiði einungis til flóknara skattkerfis. Þar sem horfið er frá þeirri stefnu sem hefur verið við líði síðustu 20 ár, þ.e. einfalt og auðskiljanlegt kerfi. Þá hafa Deloitte og viðskiptamenn þess áhyggjur af þeim skamma tíma sem ætlaður er til þess að fjalla um þetta mál og þeim stutta fyrirvara sem atvinnulífinu og öðrum er ætlað til þess að undirbúa sig tæknilega undir þær viðamiklu breytingar sem verða, einkum í staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Fjármálaráðuneytið hefu áætlað kostnað af upptöku nýs kerfis á bilinu 90-100 milljónir og telur að því til viðbótar þurfi að auka skatteftirlit vegna flóknara skattakerfis (7 stöðugildi til viðbótar). Engar slíkar áætlanir er að finna fyrir atvinnulífið í frumvarpinu þrátt fyrir það að ljóst megi vera að mestur kostnaðurinn lendi á því.

Hér á eftir eru raktar athugasemdir Deloitte við einstakar greinar eftir því sem við á.

2. EINSTAKAR GREINAR

Varðandi 3. gr.

Ef með „skattalegu bókfærðu eigin fé“ er átt við hinn hefðbundna eignarskattsstofn sem áður var notaður, sbr. 73. gr. tekjuskattslaga þá er það okkar álit að skynsamlegra hefði verið að vísa sérstaklega til þess.

Með breytingunni verður til margþrepa skattkerfi þegar kemur að arðskattlagningu þar sem hæsta þrep verður í rúmlega 43% prósentum. Vakin er athygli á því að önnur lönd sem

skattleggja arðstekjur í sambærilegu þrepi veita alla jafnan frádrátt vegna vaxtagjalda. Í Svíþjóð til að mynda, þar sem skatthlutfall er 30% er veittur frádráttur bæði vegna persónulegra lána og lána sem tengjast öflun teknanna beint.

Mjög óljóst er til hvaða aðila ákvæðið tekur, þ.e. hvenær maður telst ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Hér væri rétt að skilgreina betur hvað átt er við í 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga.

Ljóst er að þar sem er um svo íþyngjandi ákvæði að ræða verður að vera skýrt tii hverra ákvæðið er ætlað að ná og þessi ákvæði þurfa að koma fram í lögunum sjálfum

Auk þessa verður að gera athugasemdir við það að skattlagning arðs sé mismunandi eftir því hverjir eiga félag. Ætti ekki frekar að hækka reiknað endurgjald en gera þennan mun í skattalegu tilliti á algerlega sambærilegum rekstri.

Hér þyrfti einnig að hafa í huga hvort umræddur arður sem yrði skattlagður sem laun yrði frádráttarbær sem rekstrargjöld í f.élaginu. Auk þess sem skilgreina þyrfti hvort þessi „viðbótarlaun“ yrðu skattskyld til tryggingagjalds og teldust stofn til lífeyrissjóðsiðgjalda, og ef svo væri þá hvort um væri að ræða frádráttarbær rekstrargjöld og hvort slíkt mótframlag teldist þá einnig til tekna skv. 5. gr. frumvarpsins. Eðlilegt verður að telja að gerð sé tillaga um breytingu á lögum um trygginargjald ef meiningin er að þessi „laun“ falli undir gjaldskyldu þeirra laga.

Varðandi 5. gr.

Hér er lagt til að mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð umfram kr. 2.000.000 teljist skattskyldar tekjur launþegans, þó ekki lægri fjárhæð en hann að vera kveðið á um í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Gerðar eru athugasemdir við að þarna getur verið um að ræða mismunun í skattlagningu eftir því hvort viðkomandi launþegi fái greitt samkvæmt kjarasamningum og þess þá heldur að ekki sé máláð við hæsta mögulega mótframlag launagreiðanda. Hvað þetta varðar skal bent á að allir almennir kjarasamningar gera ráð fyrir 8% mótframlagi í tryggingadeild og 2% í séreignasjóð, þetta á þó ekki við um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem mótframlagið er 11,5% auk 2% í séreignasjóð.

Enn fremur verður að gera athugasemd við það ákvæðið getur leitt til tvískattlagningar hluta mótframlagsins, þ.e. bæði við greiðslu þess í lífeyrissjóð og við útgreiðslu til launþega síðar meir. Hér getur orðið um að ræða mismunun þegnanna með tilliti til þess hvar þeir eru launþegar.

Varðandi 7. gr.

Í greinargerð er vísað til þess að breytingin sé til samræmis við tilskipun ESB um móður- og dótturfélög (90/435/EBE). Hér skal þess getið að skilyrðið um 10% eignarhald er lágmark sem þýðir að aðildarlönd ESB verði að minnsta kosti að undanþiggja arð ef um 10% eignarhald er að

ræða. Hvað umrædda tilvísun varðar skal sérstaklega upplýst að samkvæmt sömu tilskipun er óheimilt að takmarka frádrátt með því að gengið sé fyrst á yirfæranlegt tap félags. En það er einmitt gert með tillögu um breytingu á ákvæði í 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Varðandi 8. gr.

Gerð er athugasemd við ákvæði greinarinnar sem lýtur að frádráttarbærni vaxtakostnaðar vegna lána koma í kjölfar kaupa á meiri hluta annars félags. Fyrir liggur að ýmsir aðilar hafa farið gegnum skuldsettar yfirtökur á grundvelli núgildandi laga, í þeirri vissu að sá kostnaður sem til fellur vegna vaxta af þeim skuldum sé frádráttabær frá tekjustofni. Ekki verður betur séð en að með því að lögfesta ákvæðið eins og það er lagt frem er um að ræða íþyngjandi skattaákvæði sem er í raun afturvirk. Þ.e. þeir aðilar sem hafa þegar skuldbundið sig á grundvelli núgildandi ákvæða geta ekki lengur dregið vaxtakostnaðinn frá tekjum sínum.

Ennfremur er rétt að benda á að þeir vextir sem mynda vaxtakostnaðinn teljast til tekna hjá lánveitanda. Því er um að ræða undantekningu á þeirri meginreglu að tekjur sem eru skattskyldar hjá móttakanda mynda frádráttabæran kostnað hjá greiðanda.

Telja verður að skynsamlegra hefði verið að fara þá leið sem almennt er farin í nágrennaríkjum okkar og setja reglur um magra eiginfjármögnun (e. thincap). Í slíkum reglum fellst að vaxtafrádráttur er takmarkaður við ákveðið hlutfall milli skuldsetningar og eiginfjár félagsins. Að lokum verður að telja varhugavert að leggja til breytingar á ákvæðum sem nú þegar eru í ágreiningi innan skattkerfisins.

Varðandi 9. gr.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu varðandi þetta ákvæði er sagt að ekki sé um efnisbreytingu að ræða heldur „umorðun á óskýru orðalagi gildandi ákvæðis“. Hins vegar vekur hin nýja umorðun upp frekari spruningar hvað varðar orðalagið „...félaga sem urðu til við skiptin“ þar sem hingað til hefur ekki verið talið skylt að stofna nýtt félag til að gegna hlutverki viðtökufélags þegar félagi er skipt heldur hafa starfandi félög mátt vera viðtökufélög.

Varðandi 11. gr.

Fagna verður því að þetta ákvæði og mat sé að nýju flutt til fyrra horfs, þ.e. í hendur ríkisskattstjóra en fyrir nokkrum árum var þetta hlutverk tekið af ríkisskattstjóra og flutt til fjármálaráðherra.

Varðandi 12. gr.

Telja verður að þessi breyting sé ótímabær enda hlýtur þessi breyting, þ.e. að miða frekar við bókfærða sölu en greidda, sérstaklega þungbært í þessari tíð sem nú er.

Varðandi 14. gr.

Fyrst ber að gera athugasemdir við að bæta við tveimur þrepum í skattlagningu tekna launamanna. Hér er verið að leggja til kerfi sem er þungt í vöfum og tekur ekki tillit til samanlagðra tekna hjóna og sambúðaraðila. Hins vegar eru bætur s.s. vaxtabætur og

barnabætur reiknaðar á samanlagðar tekjur hjóna og annarra samskattaðra aðila. Hér er því verulegur munur á heildarskattlagningu heimilis eftir því hvernig tekjur samskattaðra aðila skiptast.

Varðandi 17. gr.

Að vissu leyti er lagt til mun skýrari tenging við skattlagningu skv. 3. gr. laganna. Hins vegar er lögð til svokölluð brúttoskattlagning í tilvikum þjónustu, vaxta, arðs, þóknana og söluhagnaðar í stað nettó áður, þ.e. tekjur í stað tekjuskattstofns. Er þetta í samræmi við það sem flestar aðrar lögsögur gera með þeirri undantekningu að slík skattlagning á ekki við um söluhagnað eða þjónustu enda er eðli söluhagnaðar þjónustu nettóstofn en ekki brúttóstofn. Ákvæðið er einnig skýrt brot á EES samningnum hvað varðar mismun á skattlagningu innlendra aðila undir 10% eignarhaldi og erlendra aðila innan EES í sömu sporum. Breytingin gæti auðveldlega leitt til þess að sölutap yrði skattlagt.

Varðandi 21. gr.

Hæpið er með tilliti til réttaröryggis borgaranna að þrengja svo tímafresti sem hér er lagt til án nokkurrar aðlögunar. Lagt er til að ákvæðið taki þá að minnsta kosti ekki gildi fyrir en við næstu áramót. Auk þess bendir orðalagið „verulegir hagsmunir“ til matskenndra ákvarðanna sem hæglega geta leitt til geðþóttaákvarðanna.

Varðandi 22. gr.

Fagna verður því að þetta ákvæði og mat sé að nýju flutt til fyrra horfs, þ.e. í hendur ríkisskattstjóra en fyrir nokkrum árum var þetta hlutverk tekið af ríkisskattstjóra og flutt til fjármálaráðherra.

Varðandi 25. gr. d.

Flestir einstaklingar telja fram í mars og í síðasta lagi í apríl en félaga allt fram til 15. septemember. Hins vegar er hluti auðlegðarskattstofnsins byggður á skattalegu bókfærðu eigin fé félaga sem eiga eftir að telja fram þegar einstaklingurinn á hafa byggt sitt framtal á framtali félagsins sem hefur ekki enn talið fram. Auk þessa er langt frá því að það sé auðsótt mál hjá hluthafa félags að fá afhent skattframtal félags, sérstaklega ef um lítinn eignarhlut er að ræða.

Ekki verður heldur séð hvernig verði hægt að kanna skattalegt bókfært eigið fé í erlendu félagi sem skattaðili er hluthafi í.

Ekki er heldur ljóst hverjir eiga að fylla út form vegna auðlegðarskattstofns. Eru það allir sem eiga einhverjar eignir eða einungis þeir sem eiga hluti/hlutabréf í félögum.

Að lokum skal tekið fram að þar sem svo skammur tími gafst til yfirferðar á frumvarpinu var ekki möguleiki á að senda umsögn nema hvað varðar helstu og róttækustu breytingartillögur frumvarpsins. Við erum hins vegar reiðubúin til þess að veita ítarlegri umsögn og um fleiri atriði ef frestur til þess er lengdur.

Deloitte.

Virðingarfyllst
f.h. Deloitte



Vala Valtýsdóttir
Forstöðumaður
Skatta og lögfræðisviðs